

Fundargerð

183. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs haldinn á skrifstofu sjóðsins

Priðjudaginn 23. apríl 2013 kl. 12¹⁵–13¹⁰.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGP), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS)(fjarverandi)
Guðfinnur G. Johnsen (GGJ) Guðlaugur G. Sverrisson (GGS), fundarritari.
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ) Gestur: Íris Gunnarsdóttir (ÍG), ÚS
Halldór Haraldsson (HH)
Bryndís Gunnlaugsdóttir (BG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Skilyrði Samkeppniseftirlitsins vegna smurolúsöfnunar
- (3) Flutningsjöfnun og ráðstöfunargreiðslur
- (4) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (182. fundar).

2. Skilyrði Samkeppniseftirlitsins vegna smurolúsöfnunar

Í framhaldi af fundi Samkeppniseftirlitsins (SKE) með stjórn Úrvinnslusjóðs, 181. fundi, og minnisblaðs olúfélaganna um samskipti sín á milli, sem lagt var fram á sama fundi.

ÓK fór yfir stöðu mála. Lögð voru fram á fundinum ný drög að skilyrðum sem SKE hefur útbúið, ásamt viðbrögðum UAR. Skilyrðin snúa aðeins að olúfélögunum en ekki að Úrvinnslusjóði.

Fulltrúi SVÞ, LÓ óskar að bókað verði að: SVÞ harmar þessa niðurstöðu SKE og feril málsins. GGP leggur til að gengið verði til samninga við olúfélögin á grundvelli niðurstöðu SKE.

Samþykkt.

3. Flutningsjöfnun og ráðstöfunargreiðslur

Lagt var fram yfirlit yfir tillögur um breytingar á flutninga- og ráðstöfnargreiðslur vegna breyttra forsenda um flutning og ráðstöfun. ÓK fór yfir forsendur breytinga. Nú bjóða skipafélög upp á flutninga frá Ísafirði, Akureyri og Reyðarfirði. Taka á tillit til þessa í forsendum til greiðslu fyrir flutninga á úrgangi.

Pappaumbúðir : Tillaga um að flutningsjöfnun taki mið af nýjum útflutningshöfnum og hugsanlega ráðstöfunargreiðslum.

Plastumbúðir: Tillaga um að flutningsjöfnun taki mið af nýjum útflutningshöfnum.

Rafgeymar: Tillaga um að flutningsjöfnun taki mið af nýjum útflutningshöfnum.

Hjólbarðar: Tillaga um breytingar á flutningsjöfnun vegna lokunar brennslunnar á Húsavík og hugsanlega endurskoðun á einingargreiðslum.

Lagt var til að breytingar vegna flutninga innanlands taki gildi 1. júní 2013. ÓK falið að tilkynna hluthafandi aðilum um breytingar svo fljótt sem verða má. Eins að setja fréttatilkynningu á vef sjóðsins um þessar breytingar.

Samþykkt

Rafgeymar: Tillaga um að ráðstöfunargreiðsla fyrir blýsýrurafgeyma taki mið af markaðsverði á blýi. ÓK fór yfir þróun á heimsmarkaðsverði á blýi. Lagt var til að lækka endurgjald vegna meðhöndlunar á rafgeymum til þjónustuaðila í 5 kr/kg.

Samþykkt

ÓK fór yfir þróun á heimsmarkaðsverði á pappáurgangi. Það er á niðurleið. Umræðu frestað. Plastumbúðir og heyrúllplast: Tillaga um endurskoðun á ráðstöfunargreiðslum. ÓK fór yfir það að plastinu verði skipt í flokka eftir verðmæti og ráðstöfunarleiðum endurvinnsluefnisins. Þetta gætu orðið allt að sex flokkar. Ráðstöfunargreiðsla verði ákveðin fyrir hvern flokk. Heyrúllplast: Tillaga um að taka upp flutningsjöfnun í takt við flutningsjöfnun fyrir plastumbúðir.

Samþykkt að skipta greiðslum upp í sex flokka og ÓK falið að ákvarða greiðslur fyrir hvern flokk.

4. Önnur mál

ÓK sagði frá væntalegum aðalfundi EPRO (European Plastic Recovery Organization) sem verður haldinn á Íslandi 29. – 30. maí n.k. meðfylgjandi var dagskrá fundarins.

Næsti fundur ákveðinn 30. apríl 2013.

Fundi slitið kl 13:30